



Stjórnarháttayfirlýsing Orkunnar 2024

1. Stjórnarhættir Orkunnar

Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda Orkunnar IS ehf. („Orkunnar“) undirstaða trausts og ábyrgrar stjórnunar en hvort um sig stuðlar að vandaðri ákvarðanatöku og góðum samskiptum milli hluthafa, stjórnar, starfsmanna og annarra hagaðila félagsins.

Stjórnarhættir Orkunnar eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins. Frá stofnun félagsins hefur stjórn og stjórnendur haft það að markmiði að stjórnarhættir félagsins skuli að endingu verða í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.¹ Að svo stöddu víkur Orkan frá leiðbeiningunum hvað eftirfarandi atriði varðar:

- Hjá Orkunni er ekki starfandi tilnefningarnefnd, sbr. 1.4. gr. leiðbeininga.
- Hjá Orkunni eru ekki starfandi undirnefndir stjórnar, sbr. 5.3 og 5.4. gr. leiðbeininga.
- Stjórn félagsins er ekki skipuð óháðum stjórnarmönnum. Stjórnarmenn félagsins eru hvorki óháðir félaginu né stórum hluthöfum í skilningi 2.3 gr. leiðbeininga. Framangreint skýrist einkum af því að félagið er í fullri í eigu SKEL fjárfestingafélags hf. en jafnframt af því að Orkan kláraði sitt annað ár í rekstri um síðustu áramót.

Stjórn og stjórnendur Orkunnar hafa unnið markvisst að því að rýna og móta innri reglur félagsins með það að markmiði að þær séu í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs.

Engir kaupréttarsamingar eru að hlutum í félaginu.

2. Stjórn og framkvæmdastjórn Orkunnar

2.1. Stjórn Orkunnar

Stjórn Orkunnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur þar sem fjallað er um verkaskiptingu stjórnar og samskipti stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

Í stjórn Orkunnar eru þau Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, stjórnarformaður, Guðrún Nielsen og Magnús Ingi Einarsson. Í stjórn Orkunnar sitja því tveir karlar og ein kona. Félagið uppfyllir því ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar í einkahlutafélögum. Öll hafa þau reynslu af stjórnarstörfum og rekstri félaga.



2.1.1. Um stjórnarmeðlimi Orkunnar

Ásgeir Helgi Reykfyörð Gylfason tók fyrst sæti í stjórn Orkunnar sem stjórnarformaður í ágúst 2022. Ásgeir er fæddur árið 1982 og er með Meistaragráðu og B.A. gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og lögmannsréttindi. Hann starfar sem forstjóri forstjóri SKEL fjárfestingafélags. Áður starfaði Ásgeir sem aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingabankasviði Arion banka hf. á árunum 2019-2022. Hann var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Kviku banka hf. Á árunum 2015-2019 og í framkvæmdahópi um losun fjármagnshafta sem skilaði af sér samkomulagi um stöðugleika árið 2015. Ásgeir var yfirlögfræðingur MP banka hf. á árunum 2012- 2015. Lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu í Reykjavík og Lundúnum á árunum 2009-2012 og hjá Straumi fjárfestingarbanki hf. á árunum 2004-2009. Ásgeir á sæti í stjórn hjá Kaldalóni hf., Styrkási hf., Skaga hf., Eignarhaldsfélaginu Bjarma ehf., Blæ íslenska vetnisfélagið ehf., Reykfyörð ehf., og BBL VII ehf. Ásgeir á ekki eignarhluti í Orkunni, hvorki beint né í gegnum tengda aðila en á kauprétt í SKEL fjárfestingafélagi. Ásgeir er með hagsmunatengsl við félög sem eru í eigu SKEL og Orkan á í viðskiptum við, svo sem Skeljung, Heimkaup, Kaldalón og Gallon. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila Orkunnar. Ásgeir er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en er háður Skel fjárfestingafélagi sem er 100% eigandi Orkunnar.

Guðrún Nielsen tók fyrst sæti í stjórn Orkunnar í ágúst 2022. Guðrún er fædd árið 1990 og er með BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún starfar sem forstöðumaður fjármála og rekstrar hjá SKEL fjárfestingafélagi. Guðrún hefur starfað hjá SKEL, áður Skeljungur hf., frá árinu 2014 við ýmis störf m.a. forstöðumaður reikningshalds, aðalbókari, innheimtustjóri o.fl. Þar áður vann Guðrún hjá Landsbankanum og SP fjármögnun á árunum 2010-2013. Guðrún á sæti í stjórn hjá Skeljungi ehf. Og Gallon ehf., og er varamaður hjá Eignarhaldsfélaginu Bjarma ehf. Guðrún á ekki eignarhluti í Orkunni, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Guðrún er með hagsmunatengsl við félög sem eru í eigu SKEL og Orkan á í viðskiptum við svo sem Skeljung, Heimkaup, Kaldalón og Gallon. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila Orkunnar. Guðrún er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess, en er háð Skel fjárfestingafélagi sem er 100% eigandi Orkunnar.

Magnús Ingi Einarsson tók fyrst sæti í stjórn Orkunnar í desember 2022. Magnús er fæddur árið 1981 og er með meistaragráðu í vélaverkfræði frá Virginia Tech og B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands. Hann starfar sem fjármálastjóri SKEL fjárfestingafélags. Áður starfaði Magnús sem framkvæmdastjóri bankasviðs Kviku banka á árunum 2019-2022 og þar áður framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar Kviku banka frá 2015-2019. Magnús var yfir tekjustýringu hjá Straumi fjárfestingabanka á árunum 2012-2015 og í áhættustýringu bankans á árunum 2006-2012. Magnús á sæti í stjórn hjá Skeljungi ehf., Gallon ehf., Heimkaup ehf., Öxl fasteignum ehf., Helgafellsásun ehf., Focalpay og Hokies ehf. Magnús er varamaður hjá



Stork ehf. Og Styrkás hf. Magnús á ekki eignarhluti í Orkunni, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Magnús er með hagsmunatengsl við félög sem eru í eigu SKEL og Orkan á í viðskiptum við svo sem Skeljung, Heimkaup, Kaldalón og Gallon. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila Orkunnar. Magnús er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en er háður Skel fjárfestingafélagi sem er 100% eigandi Orkunnar.

2.1.2. Fundir og fundargerðir stjórnarfunda

Fundargerðir stjórnar eru í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í hverri fundargerð er bókuð yfirlýsing fundarmanna um hæfi stjórnar og forstjóra til umræðu og afgreiðslu mála sem eru á dagskrá fundarins. Í þeim tilvikum sem hagsmunatengsl stjórnarmanns kunna að vera til staðar vegna dagskrárliðar viku stjórnarmaður af fundi og fær viðkomandi stjórnarmaður ekki aðgang að gögnum málsins fyrr en eftir atvikum þegar því tiltekna máli er lokið, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Stjórn var ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Orkan fundaði 10 sinnum á tímabilinu 23.3.2023 – 28.2.2024. Full mæting var á alla fundi félagsins.

2.1.3. Árangursmat stjórnar

Hefðbundið árangursmat stjórnar og sérstakt sjálfsmat á samsetningu stjórnar Orkunnar var framkvæmt í maí 2024.

Stjórnarmenn Orkunnar lögðu mat á þekkingu og reynslu stjórnarinnar sem heild og var litið m.a. til þekkingar á rekstri fyrirtækisins, verklags, starfshátta og stefnumótunar. Einnig var lagt mat á samsetningu, styrkleika og veikleika stjórnarinnar. Í árangursmati stjórnar lagði stjórn mat á störf sín frá miðju ári 2022 og fram á mitt ár 2024, ásamt því að meta störf forstjóra Orkunnar og stjórnarformanns.

2.2. Framkvæmdastjórn Orkunnar

Forstjóri og framkvæmdarstjórn bera ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnu og ákvarðanir hluthafa og stjórnar. Hlutverk, ábyrgð og umboð forstjóra er nánar skilgreint í starfslýsingu sem forstjóri og stjórn samþykktu í desember 2021.

2.2.1. Um framkvæmdastjórn Orkunnar

Auður Daníelsdóttir: Fædd árið 1969. Auður var ráðin forstjóri Orkunnar IS ehf. í júlí 2022. Sem forstjóri heyrir hún beint undir stjórn og ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart henni, þ.m.t. reikningsskilum, færslu bókhalds, samskipti við banka, afla nýrra viðskiptasambanda og viðhalda þeim sem eru fyrir, þróa vöru- og þjónustuframboð félagsins, þar sem áhersla er á



vöxt þess, auk alls annars sem varðar starfsemi félagsins. Auður er með Cand.Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, lauk námi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona.

Sigurður Vífill Ingimarsson: Fæddur árið 1977. Vífill var ráðinn framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Orkunnar í árslok 2021. Undir rekstrarsviði heyra allar þjónustustöðvar Orkunnar, samskipti við samstarfsfélaga Orkunnar um allt land ásamt umsjón með framkvæmda- og viðhaldsdeild. Vífill hefur víðtæka reynslu af smásölumarkaði. Vífill hefur lokið grunn í verslunarstjórnun frá HR.

Inga Hrund Arnardóttir: Fædd árið 1979. Inga Hrund var ráðin fjármálastjóri Orkunnar IS ehf. í nóvember 2022. Í starfi sínu ber hún ábyrgð á gerð reikningsskila, mánaðar- og ársfjórðungsuppgjöra, áætlanagerðar, fjárstýringu, daglegum rekstri og stjórnun fjármálasviðs. Inga Hrund útskrifaðist með Cand.oecon-próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Guðmundur Ingi Þorsteinsson: Fæddur árið 1980. Guðmundur Ingi var ráðinn framkvæmdastjóri sölu og þróunar hjá Orkunni IS í október 2023 eftir að hafa starfað sem forstöðumaður þróunar hjá Orkunni frá september 2022. Í starfi sínu ber hann ábyrgð á sölu- og þróunarmálum, rafmagni og upplýsingatæknimálum ásamt daglegum rekstri þessara eininga. Guðmundur Ingi útskrifaðist með M.Sc. gráðu í framleiðsluverkfræði frá KTH, í Svíþjóð árið 2005.

3. Innra eftirlit og áhættustjórnun

3.1. Innra eftirlit

Það er hlutverk stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar að hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma, og jafnframt að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits skuli vera formlegt og skjalfest og að virkni þess skuli sannreynd reglulega. Markmið með innra eftirliti er að tryggja með sem bestum hætti skilvirkni í starfseminni, áreiðanlegar upplýsingar og hlítni við lög og reglur.

Ekki er starfandi innri endurskoðandi hjá félaginu en ytri endurskoðendur eru kjörnir til eins árs í senn á aðalfundi. Ársreikningur félagsins er endurskoðaður í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Stjórn fær árlega í hendur sérstaka endurskoðunarskýrslu frá endurskoðendum með helstu athugasemdum er snúa að innra eftirliti.



3.2. Áhættustjórnun

Orkan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi félagsins og stafa af daglegum rekstri. Markmið Orkunnar er að ekkert mengunartjón verði vegna reksturs félagsins og hefur vegna þessa sett skýra verkferla og viðbragðsáætlanir sem ætlað er að draga úr umfangi umhverfistjóna ef óhapp á sér stað. Starfsemin er einnig útsett fyrir lausafjárahættu, vaxtaáhættu og markaðsáhættu.

Stjórn Orkunnar setur áhættustefnu félagsins og ber forstjóri Orkunnar ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu Orkunnar og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins og svarar fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn. Framkvæmdastjórar Orkunnar bera ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, greiningu á áhættu og áhættustýringu á þeim sviðum sem undir þá heyra.

4. Gildi Orkunnar, samfélagsstefna og siðareglur

Gildi Orkunnar eru: ORKUMIKIL, SNJÖLL & NÆÆÆS!

Orkan hefur sett sér samfélagsstefnu og siðareglur sem voru samþykktar af stjórn í janúar 2024 og eru birtar á heimasíðu félagsins. Með stefnu um samfélagsábyrgð og siðareglur leitast Orkan við að flétta félagslegum-, umhverfis- og stjórnarháttum við almenna starfshætti félagsins og siðferðileg viðmið. Orkan vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir haghafa. Allir starfsmenn Orkunnar falla undir siðareglurnar og ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

5. Stefna um fjölbreytileika

Stefnu Orkunnar um fjölbreytileika er lýst í mannauðs- og jafnréttisstefnu félagsins. Tilgangur stefnunnar er m.a. sá að stuðla að því að hlutur kynjanna verði eins jafn og unnt er í stjórnunar- og áhrifastöðum, auk þess sem stefnan miðar að jöfnum réttindum og sömu tækifærum einstaklinga í starfi.

Að mati félagsins leiðir fjölbreytileiki í hæfni og sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna til betri skilnings á félaginu og málefnum þess. Hann gerir stjórnendum og starfsmönnum betur kleift að skora á hólmi viðteknar skoðanir og ákvarðanir og auðveldar hugmyndum um nýjungar að fá þann meðbyr sem nauðsynlegur kann að vera. Fjölbreytileikinn eykur jafnframt yfirsýn stjórnenda og styður þannig farsæla stjórnun félagsins.

Auglýsingar um störf hjá félaginu eru ekki kynjamiðaðar og við ráðningar skal er litið til kynjahlutfalla. Starfstengdar ákvarðanir eru byggðar á viðeigandi hæfni, verðleikum,



frammistöðu og öðrum starfstengdum þáttum. Félagið sættir sig ekki við mismunun. Það er jafnframt hlutverk starfsmanna að bera virðingu fyrir hverjum og einum, sem og ólíkum sjónarmiðum og að skilja það verðmæti sem fólgið er í fjölbreytileikanum.

6. Úrskurðir og dómar tengdir Orkunni

Orkan hefur ekki átt aðild að neinum dóms- eða stjórnsýslumálum frá því að félagið var stofnað.

Þannig samþykkt af stjórn Orkunnar IS ehf.

18. júní 2024